

Fundur hjá Skólaráði Rimaskóla

10.05.2023

Mætt: Baldvin, Helga, Anna, Aneta, Ásgerður, Erla Bára, Þórunn

Fundarefni:

- Skólaárið, rekstur og undirbúningur næsta skólaárs

Farið yfir Eddu líkanið og áskoranir. Sagt frá sumarfrístund. Rimaskóli og Tígriþær ásamt leikskólunum Fífuborg, Laufskálum og Lyngheimum hafa verið sett í tilraunaverkefni að taka á móti komandi fyrstu bekkjum eftir verslunarmannahelgi og aðlagða þau að skóla- og frístundastarfi. Verkefnið hefur rétt verið kynnt og það kemur seinna í ljós hver útfærslan verður.

Verið er að setja niður stundatöflur og ganga frá ráðningum næsta skólaár og gengur það verkefni ágætlega.

- Önnur mál

Farið var yfir að starfsmenn skólans eru að undirbúa 30 ára afmælishátíð Rimaskóla þann 1. júní nk. kl. 17:00-19:00. Umræður voru með að athuga með dans og söngatriði. Auglýsa eftir atriðum með nemendum.

Skólinn er að fá í tilefni 30 ára afmæli skólans útikennslusvæði sem verður staðsett norðan við skólann. Það eru því spennandi tímar framundan að þróa svæðið og útbúa kennslugögn og aðstöðu.

Fleira var ekki tekið fyrir

Þórunn Rósa Ólafsdóttir skólastjóri ritaði fundargerð.